

Málsnúmer: 2603091

Móttakið: 22.3.2026

Styrkumsókn - Menningar- og ferðamál

Almennar upplýsingar

Nafn

Kristín Mjöll Jakobsdóttir

Netfang

kristin.jakobsdottir@gmail.com

Ég sæk um fyrir hönd annars aðila



Nafn

Kennitala

Samstarfsaðilar

Kómedíuleikhúsið, Töfrahúsið

Verkefni

Heiti verkefnis

Pétur og úlfurinn í Vesturbyggð

Áætluð lok verkefnis/dagsetning viðburðar

20.11.2026

Lýsing verkefnis/viðburðar

Markmiðið er að kynna Pétur og úlfinn fyrir vestfirskum börnum í lifandi flutningi. Elfar Logi, sögumaður, og blásarakvintett Töfrahurðar leiða börnin inn í töfraheim klassískrar tónlistar með hinni sígildu og sívinsælu sögu um Pétur og úlfinn við tónlist eftir Sergé Prokofiev. Efniviðurinn verður notaður til að virkja sköpunarkraft barnanna með samstarfi við skólana. Sýningar verða í október 2026 á sunnan- og norðanverðum Vestfjörðum. Aðgangur verður ókeypis, einnig verða skólasýningar í boði.

Hvernig er verkefnið undirbúið?

Æfingar hefjast í ágúst. Stefnt er að því að vera með sýningar yfir 2 helgar, frá föstudegi til mánudags, ca. 2 sýningar á dag. Fyrri helgina væru sýningar í FHP, Tálknafirði, Baldurshaga og Kómedíuleikhúsinu. Seinni helgina er sýnt á Ísafirði og nærliggjandi bæjum til að fara í heimabyggð sem flestra. Tónl.skóli V. kynnir söguna í tónmennt fyrir 5 til 7 ára börn sem túlka söguna á eigin hátt með myndlist og tónlist. Kómedíul. sér um listræna stjórn ásamt Töfrahurð. Umsækjandi stýrir verkefninu.

Hvernig tengist verkefnið sveitarfélaginu Vesturbyggð?

Sýningar verða á þremur stöðum í Vesturbyggð, bæði skóla- og fjölskyldusýningar. Verkefnisstjórinn og fagottleikarinn, Kristín Mjöll, er skólastjóri Tónlistarskólans og þekkir því vel til innviða og skólastarfs í Vesturbyggð. Hægt er um heimatökin að kynna verkefnið vel, setja börnin inn í söguna og persónur hljóðfæranna, og nýta tækifærið til að kalla fram sköpun og eigin túlkun barnanna. Leikarinn Elfar Logi er fæddur og uppalinn á Bíldudal. Sótt verður um styrki frá fyrirtækjum í Vesturbyggð.

Hvernig eflir verkefnið menningar- og/eða ferðamál í Vesturbyggð?

Markhópurinn er öll börn í Vesturbyggð og Vestfjörðum á aldrinum 3ja til 9 ára og fjölskyldur þeirra, líka grunn- og leikskólakennarar. Listgreinakennarar verða kallaðir til samstarfs um sköpunarþætti í tengslum við söguna. Verkefnið eflir menningarstarf í Vesturbyggð með samvinnu við börnin og kennarana í skólunum. Börn á leik- og grunnskólaaldri í Vesturbyggð hafa lítinn aðgang að listsýningum fagaðila í heimabyggð og er aðgengi háð fjárhag foreldra, slíkt þarf að sækja út fyrir Vesturbyggð.

Kostnaðaráætlun

Áætlaður heildarkostnaður verkefnis

3870000

Áætlaðar heildartekjur verkefnis

0

Umbeðin styrkupp hæð

500000

Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun:

Laun og þóknun listamanna samtals: 1.800.000 kr - (samtals 6 listamenn, 300.000 kr per listamaður, samtals er þetta a.m.k. 2-3ja vikna vinna per einstakling)

Verkefnisstjórn: 120.000 kr - (1-2 aðilar skipta með sér)

Húsnæðiskostnaður: 300.000 kr - (leiga á félagsheimilum, kirkjum og sölum á hverjum stað, alls 9 staðir).

Ferða- og dvalarkostnaður samtals: 1.180.000 kr- (akstur og ferja fyrir fjóra fram og til baka frá Vesturbyggð ca. 100.000 kr, flug fyrir fjóra - Ísafjörður-Reykjavík: 180.000 kr, gisting fyrir fjóra í 2x4 nætur: 800.000 kr, Uppihald: 100.000 kr)

Lýsing: 200.000 kr - (á einhverjum stöðum gæti þurft að ráða ljósamenn þó að teymið muni leitast við að vera sjálfbært)

Kynning og markaðssetning: 120.000 kr - (hönnun og prentun á plakötum)

Annað og ófyrirséð: 150.000 kr

Fjármögnun-aðrir styrkir:

Uppbyggingasjóður Vestfjarða - 500.000 kr staðfest

Sótt hefur verið um Barnamenningsjóð - 1.000.000 kr óstaðfest

Sótt verður um:

Tónlistarsjóður - 800.000 kr

Menningarstyrk frá Ísafjarðarbæ - 500.000 kr

Fyrirtæki í Vesturbyggð: 400.000 kr

Fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðumi: 400.000 kr

Eigin fjármögnun: 270.000 kr - (eigið vinnuframlag til dæmis, leiga í Kómedíuleikhúsinu, búningar ef til eru hjá Kómedíuleikhúsinu)

Staðfesting og fylgigögn

Ég staðfesti að upplýsingarnar í umsókninni eru réttar



Ég hef kynnt mér úthlutunarreglur styrktarsjóðsins



Fylgiskjöl

Pétur og úlfurinn plakat.jpg

Tónlistarhópur Töfrahurðar CV 2026 -.pdf

Um umsóknina

Staðfestingarnúmer: 1182

Staðfestingarmáti: Rafræn skilríki í farsíma

Dagsetning: 22.3.2026 20:10:44